

að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu hans,  
 að tæki, lagnir og hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveittunnar og settum reglum, m.a. ofnar fasttengdir og hafi rofa og hitastilla.

**2.2. Um fasvikstuðul hjá notanda.**

Ef stuðullinn er lægri en 0,85, getur rafveitan krafist þess að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.

**2.3. Opnunargjald.**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald kr. 1 483,00 (1 846) fyrir enduropun.

**2.4. Um dráttarvexti.**

Rafveittunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru reiknaðir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

**2.5. Virðisaukaskattur.**

Virðisaukaskattur 24,5% bætist við öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari, nema á húshitun. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd innan sviga.

**2.6. Breytingar á gjaldskrá.**

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, enda miðast gjaldskráin við það, að tekjur rafveittunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfisins.

Gjaldskrá þessi sem staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júlí 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 432, 22. janúar 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. júní 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í júlímánuði 1991.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í júlímánuði 1991 verið ákveðið sem hér segir:

- |  |                 |
|--|-----------------|
| 1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir:  | Innborgun 3,8 % |
| 2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: | Innborgun 3,8 % |

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 21. júní 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Gylfi Gautur Pétursson.*